



VÍGSLA
SELFOSSKIRKJU

Á PÁLMA SUNDAG

25. MARZ

1956

KIRKJUVÍGSLA

I. *Skrúðganga.*

Meðan skruðgangan heldur inn kirkjuna, syngur kórinn inngöngusálm (Introitus).

Þegar biskup er kominn fyrir altari og skruðgangan til sæta, er lesin

II. *Bæn í kórðyrum.*

Eftir þá bæn syngur kór og söfnuður

III. *Kirkjuvígslusálm nr. 612.*

Eftir þann sálm er:

IV. *Vígsluræða biskups.*

Að henni lokinni fer fram:

V. *Víxlsöngur og lestur.*

Kór og söfnuður syngja sálm nr. 414, tvö fyrstu versin.

Þá er lesinn fyrsti ritningarlestur: Sálm. 84, 2.—7. Eftir hann er sungið 3. vers sama sálms.

Þá er annar ritningarlestur: Jóh. 4, 23.—24. Eftir hann er sungið 4. vers sama sálms.

Þá er þriðji ritningarlestur: I. Pét. 5, 4.—5. Eftir hann er sungið 5. vers sama sálms.

Þá er fjórði ritningarlestur: Kól. 3, 16.—17. Eftir hann er sungið 6. og 7. vers sama sálms. Að sálmi þessum enduðum, stendur söfnuðurinn upp.

12.

65.

70

146

268 þvinn

248

414

VI. Biskup vígir kirkjuna,

afhendir hana prestí og söfnuði, biður Faðir vor og blessar.

Eftir vígsluna sezt söfnuður en kór syngur:

474

VII. Sálm nr. 233

á frummáli. Því næst les prestur:

535

VIII. Guðspjall dagsins

Matt. 21, 1.—9.

Þá syngur kór:

582

IX. Sálm nr. 83.

Eftir þann sálm er:

1-2 sp.

X. Prédikun.

Þegar prestur segir til, rís allur söfnuðurinn úr sætum og les ásamt prestí eftirfarandi messujátningu:

Ég trúi á einn Guð, Föður almáttugan
Skapara himins og jarðar
og allra hluta sýnilegra og ósýnilegra.
Og á einn Drottin vorn, JESÚM KRIST(UM),
eingetinn Guðs son
og af Föðurnum fæddan fyrir allar veraldir.
Guð af Guði, ljós af ljósi,
einn sannan Guð af Guði sönnnum,
getinn en ei gjörðan
sömu veru og Faðirinn,
fyrir hvern að allt er skapað,
sem vegna vor mannanna og vorrar sálhjálpar
sté niður af himni,
tók holdgan fyrir Heilagan Anda af Maríu Meyju
og gjörðist (svo) maður.
Hann er og fyrir oss krossfestur undir Pontíusi
Pílatusi þíndur og grafinn

og er upprisinn á þriðja degi
samkvæmt ritningunum.
Og uppstiginn til himna
situr til hægri handar Föðurnum
og mun aftur koma með dýrð
til að dæma lifendur og dauða.
Hans ríkis mun enginn endir verða.
Og á Heilagan Anda,
Drottinn lifgefanda,
sem af Föður og Syni framgengur
og með Föður og Syni er tilbeðinn og ávalt
dýrkaður
hann, sem mælti af munni spámannanna.
Og á eina heilaga, almenna, postullega kirkju.
Ég játa eina skírn vera til fyrirgefningar syndanna
og vænti upprisu dauðra manna
og lífs hinnar komandi aldar.
Amen.

Eftir prédikun syngur kór og söfnuður:

XI. Sálm nr. 162.

Að þessum sálmi enduðum hefst:

XII. Sakramentissöngur.

og altarisganga fyrir alla, sem þess óska. Um útskiptingu syngur kór: AVE VERUM CORPUS.

Eftir altarisgönguna er:

XIII. Tónbæn og blessan.

Að síðustu er sunginn:

XIV. Sálmur nr. 413.

Postludium.

DÝRÐ SÉ GUÐI, FÖÐUR OG SYNI OG HEILÖGUM ANDA
UM ALDIR OG AÐ EILÍFU
AMEN.

2

257

340

566

601